

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.
Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

2. gr.
Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Heimilissorp skal flokkað í fjóra flokka og er greitt gjald fyrir tunnueiningu. Tunnueiningin innheldur brúna tunnu fyrir lífrænan úrgang, græna tunnu fyrir plast, bláa tunnu fyrir pappír og gráa tunnu fyrir annan úrgang.

Ílátastærð

240 l ílát	40.959 kr.
360 l ílát	60.885 kr.
660 l ílát	122.248 kr.
240 l, stækkun 1	44.678 kr. (stækkun á brún/blá/græn tunnu)
240 l, stækkun 2	49.729 kr. (stækkun á grátunnu)
240 l, stækkun 3	48.396 kr. (stækkun á tveimur tunnum af brún/blá/græn tunnu)

Grátunna: losun á 21 dags fresti.

Brúntunna: losun á 21 dags fresti.

Blátunna: losun á 42 daga fresti.

Græntunna: losun á 42 daga fresti.

3. gr.
Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ári ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	24.150 kr.
Frístundahúsnæði	20.370 kr.
Lögbýli	11.809 kr.
Fyrirtæki	39.516 kr.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 4,5 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir lögbýli fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 18 m³.

Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð og miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ er 5.500 kr.

Nr. 1207

9. desember 2019

5. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnaði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingaverð verði aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. nóvember 2019. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1219/2017 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 9. desember 2019.

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2019